

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 107 12. júlí 1967  
um sektargerðir lögreglumanna.

**1. gr.**

Í stað „1000.00 kr.“ í 1. gr. komi: 3000.00 kr.

**2. gr.**

Í stað orðanna „Saksóknari ríkisins“ í 3. gr. komi: Ríkissaksóknari.

**3. gr.**

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsgr. 4. gr. komi: ríkissaksóknari.

**4. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 73 21. júní 1973 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 61 21. maí 1974, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júní 1974.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum, óverkuðum saltfiski, söltuðum þorsklökum, frystri rækju og freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. ágúst 1974 og framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum, óverkuðum saltfiski, söltuðum þorsklökum, frystri rækju og freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. ágúst 1974 og framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1974

**Söltuð ufsaflök:**

15/20 .....	kr. 121.00
21/25 .....	— 117.00
26/30 .....	— 113.00
31/35 .....	— 108.00
36/40 .....	— 104.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

**Óverkaður saltfiskur:**

Stórfiskur nr. 1 .....	kr. 118.00
Millifiskur nr. 1 .....	— 114.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	— 110.00
Smáfiskur 60/80 nr. 1 .....	— 96.00

Verð á öðrum gæðaflokkum verður ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

**Söltuð þorsflök:**

700 gr og yfir .....	kr. 169.00
400—700 gr .....	— 169.00
200—400 gr .....	— 160.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

**Vélskelflett rækja:**

1. 10×4×1 lb. blokkfryst .....	£ 1.02 pr. lb.
2. 24×1 lb. blokkfryst .....	£ 1.06 — —
3. 2×5 kg sérfryst .....	£ 1.06 — —
4. 4×2 kg og 5×2 kg sérfryst .....	£ 1.06 — —
5. 24×450 gr sérfryst .....	£ 1.06 — —
6. 1×25 lbs. sérfryst .....	£ 1.06 — —
7. 15×200 gr sérfryst .....	£ 1.08 — —
8. Í saltlegi .....	£ 1.02 — —

Verðbil verður 4%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Viðmiðunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart sterlingspundi, þ. e. £ = kr. 223.35.

**FREÐFISKUR****Þorskur:**

US cent á lb. Cif.

4×14 m/r interl. ....	65.00
4×14 r/1 og 8×7 r/1 .....	73.00
10×5, 3×18 og 4×12 .....	91.50
5×10 .....	94.20
4×15 .....	96.00
12×1 .....	96.00
Blokk .....	84.00
Blokk 24½ .....	85.00

**Ýsa:**

4×14 m/r interl. ....	70.00
10×5 og 3×18 .....	96.00
12×1 .....	100.50
Blokk .....	87.00

US cent á lb. Cif.

**Steinbítur:**

10×5 .....	75.50
12×1 .....	74.20
Blokk .....	73.00

**Karfi:**

8×7 m/r .....	52.80
10×5 m/r .....	54.00
10×5 r/l .....	57.60
12×1 .....	61.10
Lausfr. m/r og b. ....	60.00
Lausfr. m/r og b/l .....	65.00
Blokk .....	65.00

**Ufsi:**

8×7 r/l .....	38.90
4×6 kg .....	49.00
10×5 .....	55.50
Blokk .....	55.00

**Langa:**

8×7 .....	44.30
10×5 .....	85.00
Blokk .....	77.00

**Grálúða:**

Blokk, U.S.S.R. ....	55.90
Blokk, U.S.A. ....	59.00
Heilfr. fiskur .....	21.50

Viðmiðunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar 7. janúar 1974 (\$ 1 = kr. 85.00).

Verðbil verður 3%, en 10% fyrir U.S.S.R. framleiðslu. Miðast þessi verðbil við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

**FRYSTUR HUMAR**

5×5 lbs. í skel garndreginn:

7—9	\$ 5.40	pr. lb.	Cif.	U.S.A.
9—12	\$ 5.13	—	—	—
12—15	\$ 4.86	—	—	—
15—18	\$ 4.19	—	—	—
18—24	\$ 3.69	—	—	—
24—30	\$ 3.24	—	—	—
30—45	\$ 2.70	—	—	—

**5×6 lbs. í skel garndreginn:**

7—15	\$ 4.45	pr. lb.	Cif. U.S.A.
15—30	\$ 3.46	— — —	—
30—45	\$ 2.48	— — —	—

**5×3 kg í skel með görn:**

7—15	Lire 2.300	pr. lb.	Cif. Milano.
10—20	Lire 2.300	— — —	—
15—30	Lire 1.710	— — —	—
20—35	Lire 1.710	— — —	—
30—40	Lire 1.250	— — —	—
30—45	Lire 1.250	— — —	—
35—60	Lire 975	— — —	—
45—60	Lire 975	— — —	—

Viðmunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar 25. maí 1974 (\$ 1 = 92.80).

Verðbil verður 6%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júní 1974.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 202 11. sept. 1970, með síðari breytingum,  
um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins.

**1. gr.**

4. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 1 060 000.00 á hverja íbúð, sem hafin er smíði á eftir 31. desember 1973, þó ekki hærri fjárhæð en nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum verðmætis íbúðar skv. mati matsmanna veðdeildar Landsbanka Íslands eða dómkvaddra matsmanna. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, árlega breytt lánsfjárhæð þessari til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar og skal miða við vísitölu eins og hún er 1. nóvember viðmiðunarárið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. lögum nr. 30 12. maí 1970 sbr. lög nr. 58/1973 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*